

# FRÉTTABRÉF BHS

---

Útg.: Búnaðarsamband Húnaþings og Stranda

- Höfðabraut 6, 530 Hvammstangi

- Húnaþraut 13, 540 Blönduós

10. árg. 7. tbl. 2010

s. 451-2601

s. 451-2602

Heimasíða: [www.rhs.is](http://www.rhs.is)

Ábm. Gunnar Ríkharðss.

netf.: [rhs@bondi.is](mailto:rhs@bondi.is)

netf.: [rhs@bondi.is](mailto:rhs@bondi.is)

Júní 2011

---

## Líflambakaup

Þeir sem hyggjast kaupa líflömb skulu sækja um það til Matvælastofnunar fyrir 1. júlí á sérstökum eyðublöðum, sem er að finna á heimasíðu stofnunarinnar [www.mast.is](http://www.mast.is). Matvælastofnun veitir leyfi fyrir 1. ágúst eða hafnar umsókninni ef umsækjandi uppfyllir ekki skilyrði reglugerðarinnar.

Listi yfir þá sem fengið hafa leyfi til sölu á líflömbum er sömuleiðis á heimasíðunni.

---

## Námskeið í [www.fjarvis.is](http://www.fjarvis.is)

Haldið verður námskeið í skýrsluhaldsforritinu fjarvis.is miðvikudaginn 22. júní næstkomandi kl. 10-17 í grunnskólanum á Blönduósi.

Þátttakendur koma með eigin gögn og vinna með þau á námskeiðinu. Á námskeiðinu verður farið yfir alla helstu möguleika forritsins og einnig verður leiðbeint um hagnýtingu excel töflureiknis með forritinu. Tölvur verða á staðnum svo ekki þarf að taka þær með.

Námskeiðsgjald er 14.000 kr. en námskeiðið er styrkhæft af Starfsmenntasjóði BÍ sem endurgreiðir að mestu námskeiðsgjaldið. Hádegismatur og kaffi er innifalið.

Tekið er við skráningum á [rhs@bondi.is](mailto:rhs@bondi.is) eða í síma 451-2602.

---

## Námskeið í gæðastýringu í sauðfjárrækt

Námskeið í gæðastýringu í sauðfjárrækt standa fyrir dyrum næstu daga. Eitt af grunnskilyrðum fyrir þátttöku í gæðastýringunni er að hafa sótt undirbúningsnámskeið en þau verða haldin á eftirfarandi þremur stöðum:

Stóra Ármóti, mánudaginn 14. júní.

Hvanneyri, þriðjudaginn 15. júní

Akureyri, mánudaginn 20. júní

Námskeiðin hefjast kl. 10.00 fyrir hádegi og þeim lýkur kl. 18.00.

Námskeiðin eru ætluð þeim framleiðendum sauðfjárafurða sem:

- eru nýir þátttakendur og/eða hafa ekki sótt námskeið áður
- eru nýir ábúendur eða eigendur jarða
- eru að hefja sauðfjárbúskap, taka við sauðfjárbúi eða gera það síðar á þessu ári eða því næsta.

### Skráning

Þeir sem óska eftir að sækja fyrirhuguð námskeið eru vinsamlegast beðnir að skrá þátttöku til Bændasamtaka Íslands fyrir 6. júní. Unnt er að skrá þátttöku í síma 563-0300 eða á tölvupósti [bella@bondi.is](mailto:bella@bondi.is)

Nýir þátttakendur í gæðastýringu í sauðfjárrækt þurfa að sækja um það til Matvælastofnunar á þar til gerðum umsóknareyðublöðum. Umsóknarfrestur er til 20. nóvember ef framleiðandi óskar eftir álagsgreiðslum fyrir næsta almanaksár.

---

---

---

## Jarðabætur

Á næstu dögum verður opnað fyrir rafrænar umsóknir á jarðabótum fyrir haustið 2011. Veittir verða styrkir til korn-, gras- og grænfóðurræktar skv. samningum um starfsskilyrði sauðfjárræktar og mjólkurframleiðslu. Til að fá úttekt verður ræktun að vera meiri en 1,5 ha. Framlag á hektara ræðst af umfangi ræktunar.

Gert er ráð fyrir að það verði 15.000 kr á hektara að 20 hektara ræktun og 10.000 kr á hektara umfram 20 hektara að 40 hektara ræktun en skerðist hlutfallslega á hvern hektara ef fjármunir hrökkva ekki til. Ef afgangur verður, deilist hann á alla ræktaða hektara. Aðeins er greitt út á heila hektara og venjulegar reglur um námundun gilda.

---

---

### Skil á vorbókum í sauðfjárskýrsluhaldi

Nú er tilvalið að vinda sér í skráningu fjárbókhaldsins og skila því, meðan það er enn ferskt. Allmargir eru farnir að skrá sjálfir skýrsluhaldið í [www.fjarvis.is](http://www.fjarvis.is) og hefur það gengið mjög vel. Aðrir geta komið bókum inn á skrifstofu BHS á Blönduósi eða sent beint suður á: *B.Í., Bændahöllinni v/Hagatorg, 107 Reykjavík*

---

---

### Kynbótasýning hrossa

Kynbótasýning var haldin á Hvammstanga 24.-27. maí. Dæmd voru 82 hross og þar af 65 í fullnaðardóm.

Efstu hross í hverjum flokki:

#### Hryssur 7 vetra og eldri:

Gola frá Reykjavík	Bygging	8,44	Kostir 7,93	Aðaleinkunn 8,14
Staka frá Steinnesi	Bygging	7,93	Kostir 8,04	Aðaleinkunn 8,00
Sif frá Söguey	Bygging	8,25	Kostir 7,79	Aðaleinkunn 7,97

#### 6 vetra hryssur

Hula frá Efri-Fitjum	Bygging	8,08	Kostir 7,95	Aðaleinkunn 8,00
Stjarna frá Borgarlandi	Bygging	8,01	Kostir 7,83	Aðaleinkunn 7,90
Ísbrún frá Syðstu-Fossum	Bygging	7,86	Kostir 7,88	Aðaleinkunn 7,88

#### 5 vetra hryssur

Heiðdís frá Hólabaki	Bygging	8,24	Kostir 8,17	Aðaleinkunn 8,20
Hrefna frá Vatni	Bygging	8,35	Kostir 8,07	Aðaleinkunn 8,18
Von frá Miðgarði	Bygging	7,96	Kostir 8,09	Aðaleinkunn 8,04

#### 4. vetra hryssur

Vissa frá Lambanesi	Bygging	7,68	Kostir 8,15	Aðaleinkunn 7,96
Heiðdís Syðstu-Fossum	Bygging	7,57	Kostir 8,08	Aðaleinkunn 7,87
Gullbrá Hólabaki	Bygging	7,99	Kostir 7,60	Aðaleinkunn 7,76

#### 6. vetra hestar

Freyðir Leysingjastöðum	Bygging	7,80	Kostir 8,41	Aðaleinkunn 8,17
Vökull frá Sæfelli	Bygging	7,93	Kostir 8,08	Aðaleinkunn 8,02
Þytur frá Stekkjardal	Bygging	8,09	Kostir 7,60	Aðaleinkunn 7,79

#### 5. vetra hestar

Símon frá Efri-Rauðalæk	Bygging	8,33	Kostir 8,38	Aðaleinkunn 8,36
Hróður frá Laugabóli	Bygging	8,18	Kostir 8,00	Aðaleinkunn 8,07
Sveipur frá Áslandi	Bygging	8,31	Kostir 7,83	Aðaleinkunn 8,02

#### 4. vetra hestar

Svikahrappur frá Borgarnesi	Bygging	7,90	Kostir 8,08	Aðaleinkunn 8,01
Vísir frá Valsstrýtu	Bygging	7,79	Kostir 7,97	Aðaleinkunn 7,90
Munkur frá Steinnesi	Bygging	8,17	Kostir 7,55	Aðaleinkunn 7,80

Fimm hross náðu lágmarkum inná landsmót en það voru:

Vissa frá Lambanesi, Heiðdís frá Hólabaki, Hrefna frá Vatni, Símon frá Efri-Rauðalæk og Svikahrappur frá Borgarnesi.

---

---